



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 17. fundar
(1. fundur á skólaárinu 2014-2015)
miðvikudaginn 14. janúar kl. 16.00

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Þór Guðnason, 10. bekk, fulltrúi nemenda.
Sigrún Edda Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Karen Ósk Úlfarsdóttir, fulltrúi kennara
Ingibjörg Gréta Gísladóttir, fulltrúi foreldra
Ragnheiður Hanson, fulltrúi grenndrasamfélags.

Rosalie Rut Sigrúnardóttir, 9. bekk, fulltrúi nemenda, boðaði forföll vegna veikinda. Jón Þór Sturluson, fulltrúi foreldra mætti ekki.

Margrét bauð fulltrúa í skólaráðinu velkomna á fyrsta fund ráðsins á yfirstandandi skólaári.

1. Hlutverk skólaráðs.

Margrét fór yfir reglugerð um skólaráð við grunnskóla (2008) og tiltók það sem ráðið hefur tekið fyrir á síðustu árum.

2. Verkefni skólaráðs á síðasta skólári.

Margrét rifjaði upp viðfangsefni ráðsins á síðasta skólaári (sbr. skjal sem lagt var fram á fundinum).

3. Viðfangsefni skólaráðs á yfirstandandi skólaári.

Undir þessum lið fóru fram umræður um hvaða áherslur við ættum að leggja í starfi skólaráðsins.

Inibjörg Gréta lýsti áhuga sínum á að kynna kennurum og nemendum vinnuaðferðir þar sem notast er við hugkort í námi. Þessi aðferð hefur verið nýtt af einstökum kennurum hér en það væri áhugavert að koma á kynningu meðal kennara til þess að byrja með sem síðan gætu kynnt fyrir nemendum. Sigrún Edda ætlar að hafa samband við Hrafnhildi hjá HÍ og athuga hvort hún geti komið með kynningu fyrir okkur.

Birna Dís sagði frá nýju Evrópuverkefni sem er hafið í skólanum. Verkefnið felur í sér samskipti við nemendur í 4 öðrum löndum. Ætlast er til að við kynnum þetta verkefni hér á landi. Sú kynning getur fallið undir hlutverk ráðsins að stuðla að samskiptum við grenndarsamfélagið. Nokkrar hugmyndir voru ræddar og Ingibjörg tók að sér að tala við aðila (Sigrúnu) sem vinnur á Íslandi í dag.

Einnig rætt um aðkomu ráðsins að skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatali.

Skólaráð Tjarnarskóla 2014-2015

Einnig rætt um að yfirstandandi skólaár er 30. starfsár skólans. Undirbúningu að afmælishaldi er hafinn en er ennþá á hugmyndastigi. Karen kom með innlegg í umræðuna og hvatti ráðsmenn til þess að koma með hugmyndir á næsta fundi ráðsins.

Umræður sköpuðust einnig um aðkomu foreldra að skólastarfinu. Vart hefur verið við að í mörgum tilfellum reynist erfitt að koma upplýsingum um skólastarfið að í öllu upplýsingaflóði nútímans. Tölvupóstar ná ekki alltaf í gegn til foreldra. Sama gildir um þátttöku á opnum fundum, þar er oftast lítil þátttaka. Rætt var um hvort hægt væri að nýta netfundi? Margrét sagði frá þeim ánægjulegu tíðindum að foreldrar í Tjarnarskóla séu að skipuleggja skólaferð yfir nótt með nemendum skólans. Sú ferð verður farin á föstudaginn kemur til laugardags.

Að lokum var samþykkt eftirfarandi áætlun skólaráðsins:

- a) Á 2. fundi verður viðfangsefnið að leggja til hugmyndavinnu vegna afmælis Tjarnarskóla og tengingu við grenndarsamfélagið í tengslum við Evrópuverkefnið.
- b) Fjallað verður um skóladagatal, skólanámskrá og starfsáætlun næsta skólaárs. Á þann fund verður nemendaráði skólans boðið til þess að fá fleiri sjónarmið.
- c) Síðasti fundur verður „opinn fundur“. Á þeim fundi er ætlunin að huga að aðkomu foreldra að skólastarfinu og hvernig megi efla hana. Slíkt hefði án efa jákvæð áhrif.

4. Önnur mál.

Undir þessum lið las Sigrún Edda skilaboð frá Rosalíe Rut, nýjum fulltrúi nemenda í skólaráðinu. Hún komst ekki á fundinn vegna veikinda. Eftirfarandi punktar/uppástungur komu fram til umræðna:

- Fulltrúar nemenda í skólaráðinu ættu að fá hugmyndir frá nemendum í skólanum og skrá niður. Þessum hugmyndum verði komið á framfæri í skólaráðinu.
- Nýta haustferðina í september betur til þess að krakkarnir kynnist fyrr(margir nýir). Skipuleggja leiki sem hrísta nemendur saman. (T.d. nafnaleik, heilsa hvort öðru.... og svo frv.).
- Fá ný geymsluhólf í skólastofurnar (þau eru of lítil).
- Þjóða oftari upp á ávexti í skólanum, fá næringarfræðing til þess að koma og halda fyrirlestur um hollt mataræði. Þó að það sé bannað að vera með sælgæti í skólanum, gera það margir.
- Úlpumálið; væri hægt að koma eitthvað til móts við þá nemendur sem vilja vera í úlpum, t.d. leyfa einn tíma á hverjum degi, eða annan hvorn dag (gætu jafnvel valið einhvern tíma í vikunni og skráð niður).
- Mætti hafa strangari reglur um símanotkun.
- Stólarnir, sumir kvarta undan þeim, væri hægt að athuga?

Nokkrar umræður áttu sér stað um þessa punkta. Góð tilprif hjá nýjum fulltrúa í ráðinu. Gott að vísa þessum málum á kennarafund í skólanum til athugunar og úrvinnslu.

Fundi lauk eftir um það bil klukkustund.

Fundarritari var Sigrún Edda Theodórsdóttir, ritari.

MT